



# Matvælapólítík

**Matvælaframboðið í Bandaríkjum** er svo mikil að nær allir geta borðað mun meira en þeir þurfa. Í raun nægir framboðið til að fæða alla tvisvar. Það er því til mikils að vinna fyrir matvælaframleiðendur að markaðssetja og selja vörur sínar og allt tal um að minnka neyslu á tilteknun matvælum lætur þeim illa í eyrum.

Árið 2002 kom út áhugaverð bók eftir Marion Nestle sem heitir Food Politics. Bókin vakti mikla athygli en í henni fjallar Nestle um þau gríðarlegu áhrif sem matvælaframleiðendur í Bandaríkjum hafa á heilsu og næringu almennings. Nestle þekkir málefnið af eigin raun. Árið 1986 vann hún að útgáfu viðamikillar skýrslu landlæknis um áhrif mataræðis á ýmsa langvinna sjúkdóma. (The Surgeon General's Report on Nutrition and Health). Á fyrsta degi í starfi fékk hún skýr skilaboð. Alveg sama hvað niðurstöður rannsókna sýndu máttu skilaboðin „borðaðu minna kjöt“ ekki koma fram í skýrslunni.

Áhrif matvælaiðnaðarins eru svo mikil að sögn Nestle að ráðleggingar stjórnvalda um næringu og mataræði hafa aldrei eingöngu verið byggðar á umhyggju fyrir heilsu almennings. Hagsmunir iðnaðarins eru alls ráðandi.

## Ráðleggingar breytast lítið

Nestle bendir á að ráðleggingar um mataræði hafa lítið breyst í gegnum tíðina. Samt sem ádur virðist almenningur illa upplýstur og jafnvel ringlaður þegar kemur að því að velja hollan mat. Skilaboðin eru misvisandi og jafnvel loðin og yfirvöld í Bandaríkjum eyða litlu fé í að upplýsa og fræða almenning um næringu og hollt mataræði. Matvælaiðnaðurinn hefur mikil ítök og sinnir öflugri hagsmuna-gæslu á öllum stigum stjórnsýslunnar. Hagsmunaaðilar styrkja þingmenn með háum upphæðum, matvælaframleiðendur

(gosdrykkja- og skyndibitakeðjur) hafa átt greiðan aðgang að skólum landsins, matvælaframleiðendur kosta námsefni um næringarfræði og hið opinbera gefur ekki út manneldisráðleggingar án þess að framleiðendur skipti sér af orðalaginu.

## Umdeild skýrsla

Árið 1977 kom út skýrslan „Dietary Goals for the United States“ með ráðleggingum um rétt mataræði. Í skýrslunni var lögð áhersla á að auka hlut kolvetna í fæðu í 55-60%, Fólk var ráðlagt að borða meira af fiski, fuglakjöti, grófu korni, ávöxtum og grænmeti en að sama skapi átti almenningur að minnka neyslu á kjöti, eggjum, smjöri, sykri og salti og skipta mjólk út fyrir léttmjólk. Skýrslan vakti gríðarlega sterkt viðbrögð hjá framleiðendum sykurs, kjöts og eggja. Nautgripabændur kröfðust þess að skýrslan yrði afturkölluð og fannst ófært að almenningi væri sagt að borða minna af kjöti. Skýrslan var endurútegin í lok árs 1977 og höfðu þá sumar ráðleggingar verið mildaðar. Í stað þess að segja „minnkaðu kjötneyslu“ var sagt „veldu kjöt, fuglakjöt og fisk sem mun leiða til minni neyslu á mettaðri fitu“. Fleiri skýrslur komu ekki þessari nefnd.

## Má ekki segja: „Borðaðu minna“

Department of Health, Education and Welfare gaf út skýrsluna „Healthy People“ (Heilbrigðt fólk) árið 1979 en á þessum árum voru flestir vísindamenn orðnir sammála um áhrif mataræðis á marga sjúkdóma, t.d. hjarta- og æðasjúkdóma og krabbamein. Í þessari skýrslu voru eftir sem ádur ráðleggingar um aukna neyslu fisks, magurs kjöts, grófmetis, ávaxta og grænmetis og áhersla lögð á minni neyslu á fitu, sykri, salti og rauðu kjöti. Kjöt-, mjólkur- og sykurframleiðendur brugðust eftir sem ádur ókvæða við og var þetta í síðasta skipti sem fullyrðing á borð við „Eat less red meat“

Bókin Food Politics eftir Marion Nestle hefur vakið verðskuldaða athygli. Nestle er prófessor við New York University og hefur auk fræðistarfa og kennslu skrifanda bækur um matvælapólítik og næringu. Árið 2003 kom út bókin Safe Food sem fjallar um matvælaöryggi.

(Borðaðu minna af rauðu kjöti) var sett fram með þessum hætti í opinberar ráðleggingar. Nýjar leiðbeiningar komu út 1995 og aftur árið 2000. Áfram var þrefað um orðalag og aldrei talað um að borða minna af sykri eða fitu.

## „Takmarkað“ ekki vinsælt orð

Nestle rekur ótal fleiri dæmi um bæklinga og ráðleggingar frá opinberum stofnunum þar sem varlega orðaðar ráðleggingar eins og forðastu of mikinn sykur, borðaðu fjölbreytt fæði og vertu í kjörþyngd ollu samt sem ádur fjaðrafokí.

Þegar unnið var að manneldisráðleggingum árið 2000 barðist sykuriðnaðurinn fyrir því að áfram yrði sagt „Choose a diet moderate in sugars“ (veldu mataræði með hóflegu sykurmagni) í stað: „Choose beverages and foods that limit your intake in sugars“ (veldu mat og drykk sem takmarkar sykurneyslu). Orðið „takmarkar“ féll sykuriðnaðinum ekki í geð og hann hafði sitt fram og ráðleggingum um sykurneyslu var ekki breytt.

## Tengls næringarfræðinga og matvælaframleiðenda.

Nestle rekur enn fremur tengsl næringarfræðinga og annarra sérfræðinga við matvælaiðnaðinn. Öll helstu og virtustu tímarit um næringu og heilsu reiða sig á styrki frá matvælaframleiðendum auk þess sem hagsmunaaðilar styrkja gjarnan rannsóknir og geta síðan túlkað niðurstöðurnar eftir eigin höfði. Fréttir af því að súkkulaði geti styrkt hjartað eða að léttvínssdrykkja auki lífslíkur geta allt eins verið úr könnunum sem súkkulaðiframleiðendur eða samtök víframleiðenda kosta. Það fylgir hins vegar aldrei fréttinni.

## Mataræði á ábyrgð einstaklinga

Matvælaframleiðendur í Bandaríkjum benda gjarnan á að mataræði sé á ábyrgð einstaklinga og ríkisvaldið eigi ekki að



skipta sér af því hvað fólk borðar. Þá sé mataræði einstaklingsbundið og einsleitar ráðleggingar um mataræði eigi ekki við alla. Nestle svarar því til að ábyrgð neytenda sé mikil en hins vegar taka þeir ákvarðanir í markaðsumhverfi þar sem matvælaframleiðendur eyða svimandi háum upphæðum til þess að hafa áhrif á það hvernig almenningur borðar. Það hvað miklum peningum er varíð í auglýsingar fer ekki fram hjá neinum. Hins vegar sjá fæstir þau sambönd sem matvælaframleiðendur hafa við þingmenn, opinberar stofnanir, háskóla og samtök ýmiss konar. Nestle spryr því hvort það sé ekki fullmikil einföldun að tala um að mataræði sé spurning um persónulegt frelsi á sama tíma og ítök og áhrif matvælaframleiðenda eru jafn mikil og raun ber vitni.

### Matvælaframleiðendur ekki gagnrýndir

Nestle bendir á að matvælaframleiðendur rétt eins og fyrirtæki sem selja sigarettur, lyf eða aðrar neysluvörur, setji hagsmuni hluthafa ofar hagsmunum neytenda. Markmiðið sé auðvitað fyrst og fremst að selja meira og auka hagnað. Að því leyti skera matvælaframleiðendur sig ekki úr. Hins vegar eru aðferðir tóbaks- og

lyfjaframleiðenda gagnrýndar mun meir en aðferðir matvælaiðnaðarins og það sé óeðilegt í ljósi þess hversu mikilvægur málaflokkurinn er.

### Breytt áhersla

Ef breyta á mataræði fólks til hins betra þarf fyrst og fremst að fræða fólk betur og auka „næringslæsi“ almennings. Það þarf að brýna fyrir fólk i að borða minna, jafnvel þótt slíkt sé óvinsælt hjá matvælaframleiðendum. Þá hafa framleiðendur í auknum mæli beint sjónum sínum að börnum með tilheyrandí markaðssetningu og er þá aukaatriði hvort um sé að ræða mat sem börn ættu yfirhöfuð að borða. Nestle telur einnig að banna eigi ruslfæðisauglýsingar í barnatíma sjónvarps og í skólum og að skólamötuneyti eigi að bjóða upp á mat sem uppfyllir mannelidismarkmið. Þá á að banna villandi heilsufullyrðingar og gera matvælaframleiðendum skytt að gefa alltaf upp upplýsingar um næringarinnihald á matvælum. Miðað við lýsingu Nestle á ástandinu og þeim miklu áhrifum sem matvælaframleiðendur hafa í Bandaríkjunum er þó ekki ástæða til bjartsýni.

BP

## Matvælapíramítinn ruglingslegur fyrir börn

Fram til 1991 hafði verið stuðst við the „basic four“ eða fjóra helstu fæðuflokkanum (mjólkurvörur, kornmeti, fisk og kjöt) án þess að gert væri upp á milli þeirra. Næringerfræðingar á vegum USDA (U.S. Department of Agriculture) unnu hins vegar að skýrari ráðleggingum í formi fæðupíramita sem myndi senda skýrari skilaboð til almennings. Vegna harðra mótmæla frá kjöt- og mjólkurframleiðendum var hætt við að gefa út ráðleggingar í formi fæðupíramita árið 1991. Þessi uppstilling fæðuhópa eftir mikilvægi hugnaðist ekki mjólkur- og kjötframleiðendum sem mótmæltu ákast.

Þegar hætt var við útgáfu fæðupíramitans gaf matvælaráðherrann þá skýringu að fæðupíramítinn væri ruglingslegur fyrir börn. Þessi útskýring þótti í hæsta máta ótrúverðug þar sem manneldisráðleggingar hafa aldrei verið hugsaðar fyrir börn. Málið vakti mikla athygli og beindi athyglanni að því tvöfalta hlutverki sem USDA hefur. En ráðuneytið er m.a. landbúnaðarráðuneyti og hefur hagsmuni bænda og framleiðanda að leiðarljósi auk þess að eiga að gefa út ráðleggingar til almennings um holtt mataræði. Þetta tvennt fer ekki alltaf saman.

Eftir miklar rannsóknir á því hvaða form (þíramít, fæðuhringur, skál) kæmi skilaboðunum best á framfæri kom í ljós að þíramítinn hafði vinninginn. Hann var því formlega kynntur aftur til sögunnar 1992.



Nýlega var samþykkt löggjöf í Kaliforníufylki sem bannar gos og ruslfæði í skólum. Hugmyndir og lagafrumvörp þessa efnis hafa áður komið fram en ekki náð fram að ganga. Skólanir hafa fjárhagslegan ávinning af samvinnu við matvæla- eða gosdrykkjaframleiðendur en fyrirtækin styrkja skólaná gegn því að fá aðgang að mikilvægum markaði, þ.e.a.s. börnum.